

# Afbrotatölfræði

Júlí 2007

## Bráðabirgðatölur fyrir allt landið




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Í júlí var 1.121 hegningarlagabrot skráð í málaskrá lögreglunnar. Það eru færri brot en í fyrra og árin 2003 og 2004 en aðeins fleiri en í júlí 2005 (sjá mynd 1). Umferðarlagabrot voru 6.272 sem er þó nokkur aukning frá því í júlí 2006, sem skýrist að mestu leyti af öflugri umferðarlöggæslu. Fíkniefnabrot voru 180 sem er um 9% fækkun á milli ára.


Á mynd 2 má sjá tiltekna brotaflokkar fyrstu sjö mánuði ársins, fjölda rána, brot gegn valdstjórninni og brot þar sem ökumaður er tekinn fyrir að vera undir áhrifum ávana- eða fíkniefna. Ránsbrotin voru flest í mars, 6 talsins, en 2 í júlí. Fjöldi skráðra brota gegn valdstjórninni fækkaði aðeins í júlí, en flest voru þau í júní. Aldrei hafa fleiri verið teknir undir áhrifum ávana- og fíkniefna við akstur, yfir 2,6 slík brot voru skráð að meðaltali á dag í júlí. Lögreglan hefur nú öflugri úrræði og betri búnað til að mæla ávana- og fíkniefni í öikumönnum en áður.

Tafla 1 sýnir að hraðakstursbrot voru 4.247 í júlí en það eru 39% fleiri brot en á sama tíma í fyrra. Fjöldi eignaspjalla milli ára fækkar aðeins en þau voru talsvert færri í júlí 2005. Ölvunarakstursbrotum fækkaði um 19% milli ára. Fjöldi tilkynnta líkamsmeiðinga fjölgaði um rúm 68% milli ára.

Á mynd 3 má sjá hvernig hlutfall íslenskra og erlendra ríkisborgara sem teknir eru fyrir of hraðan akstur er að breytast. Í júlí 2007 voru rúm 80% þeirra sem teknir voru fyrir of hraðan akstur Íslendingar en höfðu verið um 90% á sama tíma árið 2005. Flest hraðakstursbrot bílaleigubíla og fyrirtækisbíla eru líklega í gegnum hraðamyndavélar, því vantar ríkisfang ökumanna þessara bíla þar sem beðið er upplýsinga frá þessum aðilum.




Mynd 1. Fjöldi brota í júlí 2003-2007 eftir tegund brots



Mynd 2. Fjöldi í nokkrum brotaflokkum fyrstu 7 mánuði ársins 2007

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í júlí 2005, 2006 og 2007

|                         | júlí.07 | júlí.06 | júlí.05 |
|-------------------------|---------|---------|---------|
| Hraðakstursbrot         | 4.247   | 3.051   | 3.690   |
| Þjófnaðarbrott          | 269     | 355     | 260     |
| Eignaspjöll             | 276     | 334     | 183     |
| Innbrot                 | 214     | 208     | 210     |
| Ölvun við akstur        | 201     | 249     | 216     |
| Fíkniefnabrot           | 180     | 198     | 241     |
| Áfengislagabrot         | 119     | 139     | 179     |
| Líkamsmeiðingar         | 151     | 90      | 120     |
| Akstur gegn rauðu ljósi | 73      | 71      | 64      |
| Nytjastuldur            | 35      | 37      | 28      |



Mynd 3. Hlutfall hraðakstursbrota íslenskra og erlendra ríkisborgara í málaskrákerfi lögreglunnar í júlí 2005, 2006 og 2007

# Afbrotatölfræði

## Júlí 2007

### Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tafla 2. Fjöldi brota í júlí 2005, 2006 og 2007 eftir umdæmum

| Umdæmi            | Hegningarlagabrot |       |      | Umferðarlagabrot |       |       | Fíkniefnabrot |      |      |
|-------------------|-------------------|-------|------|------------------|-------|-------|---------------|------|------|
|                   | 2007              | 2006  | 2005 | 2007             | 2006  | 2005  | 2007          | 2006 | 2005 |
| Akranes           | 23                | 33    | 7    | 129              | 131   | 78    | 20            | 3    | 3    |
| Akureyri          | 54                | 74    | 102  | 360              | 472   | 583   | 6             | 16   | 40   |
| Blönduós          | 11                | 2     | 5    | 529              | 447   | 421   | 2             | 1    | 3    |
| Borgarnes         | 18                | 12    | 9    | 176              | 292   | 288   | 3             | 2    | 6    |
| Eskifjörður       | 15                | 17    | 23   | 199              | 165   | 209   | 0             | 3    | 8    |
| Húsavík           | 10                | 4     | 4    | 92               | 57    | 175   | 0             | 1    | 0    |
| Hvolsvöllur       | 11                | 7     | 11   | 434              | 357   | 292   | 0             | 1    | 3    |
| Höfuðborgarsvæðið | 793               | 875   | 653  | 2.312            | 2.047 | 2.048 | 121           | 128  | 114  |
| Sauðárkrókur      | 8                 | 4     | 3    | 117              | 58    | 174   | 2             | 7    | 2    |
| Selfoss           | 53                | 48    | 43   | 507              | 390   | 310   | 2             | 13   | 10   |
| Seyðisfjörður     | 27                | 27    | 12   | 121              | 115   | 29    | 1             | 1    | 4    |
| Snæfellsnes       | 6                 | 20    | 15   | 805              | 66    | 88    | 3             | 4    | 4    |
| Suðurnes          | 65                | 81    | 55   | 349              | 445   | 353   | 11            | 14   | 13   |
| Vestfirðir        | 21                | 16    | 21   | 99               | 230   | 194   | 5             | 1    | 1    |
| Vestmannaeyjar    | 6                 | 9     | 30   | 43               | 35    | 42    | 4             | 3    | 28   |
| Alls              | 1.121             | 1.229 | 993  | 6.272            | 5.307 | 5.284 | 180           | 198  | 239  |

Á töflu 2 má sjá fjölda hegningarlagabrot, umferðarlagabrot, og fíkniefnabrot eftir lögregluembættum 2005 til 2007.

Í júlí 2007 voru 71% hegningarlagabrot skráð hjá lögregluembætti höfuðborgarsvæðisins og 6% þeirra hjá lögregluembætti Suðurnesja. Hegningarlagabrotum fækkaði þó nokkuð á Akureyri, Suðurnesjum, Snæfellsnesi og á Akranesi í júlí miðað við sama tíma í fyrra.

Umferðarlagabrotum hefur farið fjölgandi síðan 2005 í flestum umdæmum. Mikill fjölgun varð á Snæfellsnesi í júlí 2007. Í byrjun júlí 2007 voru teknar í notkun tvær rafrænar hraðamyndavélar á þjóðvegi nr. 1, báðar staðsettar í Hvalfjarðarsveit. Vélarar taka myndir af bílum sem aka yfir löglegum hraða, og senda þær beint til lögreglustjórans á Snæfellsnesi sem útbýr sektarboð til brotlegra ökumanna.

#### Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota eins og þau voru í málaskrá lögreglu þann 14. ágúst 2007 og eru tölur fyrir árin 2006 og 2007 bráðabirgðatölur.

Í byrjun árs 2005 tók lögreglan í notkun nýtt skráningarkerfi. Þetta skiptir máli þegar fjöldi brota árið 2005 er borinn saman við fjölda brota 2006 og 2007.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem tilkynnt voru lögreglunni að frátöldum þeim sem reynast við nánari athugun ekki vera brot. Hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Til dæmis getur maður sem er stöðvaður vegna umferðarlagabrots fengið í sama máli kærur fyrir fíkniefni sem fundust í fórum hans.